



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skógræktin
Miðvangi 2
700 Egilsstaðir

Reykjavík 14. júní 2021

2010048SA GB
Málalykill: 11.21

Efni: Umsögn um drög að landsáætlun í skógrækt

Samband íslenskra sveitarfélaga átti fulltrúa í verkefnisstjórn um gerð landsáætlunar um skógrækt sem hér er til umsagnar. Jafnframt hefur sambandið staðið fyrir kynningarfundum fyrir sveitarstjórnarmenn um drögin, í samstarfi við Skógræktina. Tekið hefur verið tillit til ábendinga sem fram komu á þeim fundum við gerð umsagnar þessarar.

Áherslur Sambands íslenskra sveitarfélaga

Í umsögn um lýsingu fyrir gerð skógræktaráætlunar, dags. 8. janúar 2019 setti sambandið fram eftirfarandi áherslur gagnvart verkefninu:

- *Að skógrækt verði í samræmi við skipulagsáætlanir og náttúruvernd*
- *Hugað verði að samlegð við uppfærslu á landsskipulagsstefnu*
- *Eldvarnir og öryggismál fái umtalsvert vægi í áætluninni*
- *Vandað verði til umhverfismats áætlunarinnar og landslagsvernd verði leiðarljós*
- *Gefinn verði tími til samráðs, m.a. við sveitarfélög*

Þessar áherslur hafa að einhverju leyti skilað sér í drög að skógræktaráætlun en misvel þó.

Almennt um drögin

Sú framtíðarsýn sem sett er fram í skógræktaráætlun er að aukin útbreiðsla og vöxtur skóga séu lykilatriði til að Ísland nái kolefnishlutleysi árið 2040. Í framhaldinu verði skógar snar þáttur í að Ísland bindi meira kolefni en það losar. Þetta þurfi að gerast á þann hátt að það styðji áframhaldandi uppbyggingu og þróun annarra gæða skóga, svo sem skógartengda atvinnuþróun, hina ýmsu umhverfisþjónustu skóga og samfélagsleg hlutverk þeirra, og án þess að ganga á önnur umhverfisleg, samfélagsleg og hagræn gæði. Sjálfbærni sé og verði leiðarljós skógræktar.

Grunnur verði lagður að árlegri bindingu 500.000 tonna CO₂ ígilda fyrir árið 2040, umfram það sem var árið 2020, sem þýðir að stofna þurfi til skógar á um 60.000 ha lands (0,6% landsins) á næstu 20 árum, eða á um 3.000 ha árlega. Skógrækt stuðli að því að Ísland verði kolefnishlutlaust árið 2040 og bindi meira en það losar eftir það. Settar eru fram mismunandi sviðsmyndir um hvernig mögulegt sé að ná þessu markmiði.

Lögð er áhersla á að efla útbreiðslu skóga með margvíslegum aðgerðum svo sem með beinni sáningu eða gróðursetningu birkis og áburðargjöf svo sjálfþáning geti hafist sem fyrst o.fl.þ.h. Að land sé ekki notað til beitara er forsenda þess að ná megi verulegum árangri í að stuðla að aukinni útbreiðslu 24 birkiskóga. Það er hins vegar atriði sem ná þarf samfélagslegri sátt um og gengur einungis ef sauðfjárbændur eru með í ráðum, helst að þeir leiði það og finni lausnir sem henta þeim.

Fram kemur í drögnum að samstarf er nauðsynlegt til að ná árangri í skógrækt og þar gegni sveitarfélög lykilhlutverki. Samstarf við almenning, félög og fyrirtæki sem vilja koma að skógrækt á einn eða annan hátt er einnig mjög mikilvægt til að ná árangri. Mikilvægt sé að viðurkenna samfélagsþátt skógræktar, ræða hann og rækta.

Ábendingar við drögin og verklag við gerð þeirra

Heilt yfir er ekki tilefni til ítarlegra ábendinga við fyrirbyggjandi drög. Einkum má nefna eftirfarandi atriði:

Samlegð við aðra stefnumótun

Ástæða er til að nefna að meira og markvissara samráð hefði mátt hafa á milli vinnu sem fram fór á sama tíma við mótun landgræðsluáætlunar og endurskoðun landsskipulagsstefnu. Í drögnum er fjallað um samlegð þessara áætlana, ásamt loftslagsstefnu og aðgerðaáætlun ríkisins í loftslagsmálum, en ekki virðist vera nægilega skýr farvegur til staðar til samvinnu um mótun þessara áætlana.

Í þingsályktunartillögu að endurskoðaðri Landsskipulagsstefnu 2015–2026 er því beint til sveitarfélaga að setja sér stefnu um aðlögun byggðar og samfélags að þeim afleiðingum sem hafa orðið og munu verða vegna loftslagsbreytinga. Þar er einnig gert ráð fyrir að sveitarfélög taki afstöðu í skipulagsáætlunum til þess hvaða takmarkanir þekktar afleiðingar loftslagsbreytinga setja uppbyggingu og landnýtingu í sveitarfélaginu og setji viðeigandi skipulagsákvæði þar sem það á við.

Að áliti Sambands íslenskra sveitarfélaga er brýnt að framkvæmd þessara stefna og áætlana fari ekki fram í tómarúmi heldur verði lögð áhersla á samvinnu og virkt upplýsingastreymi um framgang þeirra, ekki síst til sveitarfélaga og samtaka þeirra. Markmið ætti að vera að aðgengilegar verði á einum stað upplýsingar um endurheimt rofins lands í þágu jarðvegsverndar, endurreisn vistkerfa og ekki síst kolefnisbindingu. Mikilvægt er að slík kortlagning sé stöðluð yfir landið allt, utanumhald verði á ábyrgð stofnanna ríkisins og að sveitarfélög beri ekki kostnað vegna þessa.

Sveitarfélög og landssamtök þeirra hafa mörg hver ráðist í kortlagningu á kolefnisspori síns svæðis. Útreikningur á losun gróðurhúsalofttegunda vegna landnotkunar eru háðir verulegri óvissu, enda breytileiki lands langtum meiri en hægt er að endurspegla með einfaldri skiptingu lands í flokka og einföldum losunarstuðlum fyrir hvern flokk eins og gengið hefur verið út frá. Sambandið telur að gögn fyrir áreiðanlegt losunarbókhald vegna landnotkunar séu af alltof skornum skammti og að efla þurfi rannsóknir um þetta efni sem hefur ekki verið nægjanlega sinnt miðað við það hversu mikilvægur þessi þáttur er í heildar kolefnisbúskap landsins. Jafnframt þarf að leggja áherslu á faglegar rannsóknir um skógræktarmál.

Eldvarnir og öryggi

Varðandi eldvarnir beinir sambandið þeirri ábendingu til verkefnisstjórnar að mikilvægt er að skerpa á beinum aðgerðum um þetta viðfangsefni, svo sem með því að standa fyrir fræðslu í samstarfi við lykilaðila á borð við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og sveitarfélögin, ásamt því að leggja til markvissar aðgerðir í þessum efnum um kaup á búnaði fyrir slökkvilið o.fl. Líklega vantar t.d. leiðbeiningar og verklagsreglur um eldvarnir og mætti mögulega horfa til þess að þýða erlent efni.


Hætta á tjóni af völdum gróðurelda er vaxandi vandamál hér á landi og engum vafa undirorpið að frekari hlýnun jaðar mun auka á þann vanda. Jafnframt er augljóst að markmið um aukna kolefnisbindingu með skógrækt mun færa aukna ábyrgð á slökkvilið að bregðast við gróðureldum. Slökkviliðin eru í dag vanbúin að takast á við þetta verkefni en kaup á færanlegum búnaði til slökkvistarfs getur t.d. auðveldað sveitarfélögum að takast á við þennan vanda. Ljóst er einnig að búnaður Landhelgisgæslunnar er of lítill og gamall og þarfnast tafarlausra úrbóta.

Fjármögnun verkefna

Ljóst er að árangur af stefnumótun og áætlanagerð ræðst fyrst og fremst af þeim aðgerðum sem ráðist verður í til að ná markmiðum stefnunnar, því fjármagni sem til þeirra verður varið og vel skilgreindri ábyrgð á framkvæmd þeirra. Því er að mati sambandsins nauðsynlegt að útfæra skýrar aðgerðir og leggja mat á kostnað þeirra. Áskilur sambandið sér því rétt til að koma að frekari athugasemdum við kostnaðarmat áætlunarinnar þegar þar að kemur.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri